

Mál nr. 370/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Tjón á bát 12. september 2021.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 29. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11. október 2021.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 24. október 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M er váttryggður með ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V. Hinn 12. september 2021 varð tjón á gúmmibát í eigu annars en hans, en sá gúmmibátur hafði verið fastur í svokölluðu tildragi sem liggur frá jörð M í Siglufirði út í bauju sem fest er við akkeri út í sjó. M kveðst vera eigandi tildragsins og þeirra húsa sem á jörðinni eru. M lýsir aðstæðum þannig að tveir gúmmibátar hafi verið fastir í svokölluðu tildragi og M hafi átt annan þeirra sjálfur. M lýsir því að hafa þurft að nota sinn bát og til þess hafi hann þurft að losa báða bátana. Þegar M var að ganga frá þeim bát sem hann átti ekki sjálfur og hugðist ekki nota láðist honum að festa kaðal í bremsu og var sá bátur því laus í tildraginu með þeim afleiðingum að tjón varð á honum.

M telur að hann hafi sýnt gáleysi við frágang tildragsins og beri því skaðabótaskyldu gagnvart eiganda þess báts sem varð fyrir tjóni. M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar vegna þess og telur undanþáguákvæði um að hann hafi verið við stjórn báts eða með bátinn sem varð fyrir tjóni í vörslum sínum þegar tjónið varð ekki eiga við.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til tveggja undanþáguákvæða í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar. Annars vegar c-liðs 11. gr. skilmálanna þar sem kemur fram að ábyrgðartrygging félagsins bæti ekki tjón sem váttryggður ber ábyrgð á sem eigandi, notandi eða stjórnandi báts og vísar til þess að háttsemi M við að losa þann bát sem varð fyrir tjóni úr svokölluðu tildragi hafi beinst að því að koma sínum bát á sjó og þannig hluti af því að stjórna honum. M hafi því verið eigandi, notandi og stjórnandi báts þegar hin saknæma háttsemi átti sér stað. Einnig vísar V til b-liðar 11. gr. váttryggingarskilmála þar sem kemur fram að ábyrgðartrygging félagsins bæti ekki tjón á mundum sem váttryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans. V telur að þar sem sá bátur sem varð fyrir tjóni var geymdur á jörð M í tildragi sem var í eigu M hafi báturinn verið í vörslum hans.

Álit.

Í málinu verður að leggja til grundvallar lýsingu M sjálfs á því að hann hafi sýnt gáleysi við að festa bát í tildragi sem leiddi til þess að tjón varð á bátinum. Ljóst er af 10. gr. váttryggingarskilmála að V váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með töldum fasteignum og dýrum, af völdum skyndilegs atburðar og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Umrætt ákvæði er uppfyllt varðandi tjón á þeim bát sem M gleymdi að festa tryggilega.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að því hvort tvö tilgreind undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum V eigi við og ber V sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið með þeim hætti þar sem um undanþáguákvæði er að ræða. Í lýsingu af atvikum verður ekki séð að hin saknæma háttsemi M hafi átt sér stað hafi átt sér stað þannig að hann teljist hafa verið eigandi, stjórnandi eða notandi þess báts sem varð fyrir tjóni eða að sá bátur hafi verið í vörslum M. Verður orðalag b- og c-liðar 11. gr. váttryggingarskilmála ekki túlkað með víðtækari hætti og verður V að bera hallann af því að orðalag undanþáguákvæða váttryggingarskilmála sé ekki skýrara.

Tjón það sem M olli telst því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

Tjón á bát er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.